

2202013 - Vatnsmiðlun í Fáskrúð - umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun

Tekið fyrir á nýjan leik erindi frá Skipulagsstofnun sem frestað var á fundi umhverfis- og skipulagsnefndar þann 17. febrúar sl., er varðar umsagnarbeiðni um vatnsmiðlun í Fáskrúð.

Samkvæmt erindi Skipulagsstofnunar hafa Landeigendur jarðanna Ljárskóga og Glerárskóga í Dalabyggð sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu móttækin 4. febrúar 2022, um vatnsmiðlun í Fáskrúð skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 óskar Skipulagsstofnun því eftir að Dalabyggð gefi umsögn um framkvæmdina.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Dalabyggð telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði þurfi að skýra frekar og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Ráðgert er að fyrirhugað byggja stífla rísi í Hvanná röskum kílómetra ofan ármóta Hvannár og Köldukvíslar. Á stíflustæðinu rennur Hvanná af Hvanneyrum, fornum lónbotni, inn í afmarkaðan farveg árinna. Ráðgert hæsta rekstrarvatnsborð verður 215 m yfir sjó og lónið sem myndast verður þá að flatarmáli um 0,58 km² eða 58 ha.

Fyrirhuguð framkvæmd fellur í B-flokk í lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, samkvæmt lið 10.12 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsnefnd telur ljóst að hið fyrirhugaða lón muni hafa takmörkuð umhverfisáhrif þar sem það mun þekja fornan lónbotni í dældinni. Þá er gert grein fyrir því að nægt efni sé til staðar í landi Ljárskóga í stíflugerðina. Bent er á að sækja þarf hluta af efni í stífluna utan framkvæmdasvæðis og er í því tilliti horft til hálffrágenginnar storkubergsnámu í Ljárskógum sem hægt væri að nýta í stoðfyllingu. Þá er aukinheldur ljóst að rask vegna vegaframkvæmda verður minniháttar þar sem núverandi vegslóði muni nýtast við framkvæmdirnar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd telur að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda skv. lögum nr. 111/2021. Nefndin telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar. Nefndin telur að æskilegt að ákvæði um mótvægisáðgerðir og vöktun verði skilgreint betur í umsókn um framkvæmdaleyfi. Ekki er þörf á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Sveitarfélagið er leyfisveitandi þegar kemur að byggingar- og framkvæmdaleyfum og fer með skipulagsvald á svæðinu.

Samþykkt samhljóða.